

Reykjavík 12. janúar 2012

Tilvísun: 2011120080

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 438- 362. mál

Tilvísun yðar: Þskj. 438- 362. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/891
komudagur 12.1.2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstrargjald o.fl.)

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 13. desember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, 362. mál.

Embætti ríkislögreglustjóra gerir þær athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins að skýrara verði kveðið á um hvað lögregla megi skoði og leggja til grundvallar í öryggisvottunum sínum.

Eins er gerð sú athugasemd við 8. gr. að það verði skylt að tilkynna til embættis ríkislögreglustjóra um öll meiriháttar öryggisatvik sem eru ógn við öryggi þjóðar og æðstu stjórn ríkisins, enda er það á forræði embættisins að rannsaka slík mál samkvæmt ákvæðum lögreglulaga nr. 90/1996.

Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um valdheimildir almanna- og öryggisvarnaráðs og embættis ríkislögreglustjóra á tímum neyðarástands, er lagt til að fram komi að CERT-ÍS geti viðhaft samráð og samstarf við embættið en það sé ekki aðeins einskorðað við almannavarnardeild embættisins.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið

F.h. RLS

Jón F. Bjartmarz / Hildur Georgsdóttir